

Verkefnisáætlun

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti Skrifstofa jafnréttis- og mannréttindamála	Málsnúmer: FRN24090145
Heiti verkefnis: Frumvarp til laga um samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks	
Dagsetningar Upphaf verkefnis: 20.09.24. Áætluð lok: Árslok 2024	Núverandi staða verkefnis <input checked="" type="radio"/> Í vinnslu <input type="radio"/> Í bið <input type="radio"/> Lokið <input type="radio"/> Hætt við verkefni
Markmið og lýsing verkefnis Markmið verkefnis Markmiðið er að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) í heild sinni, þannig að hægt verði að beita samningnum sem fullgildri réttarheimild hér á landi. Með því eru réttindi fatlaðs fólks styrkt og réttaráhrif samningsins aukin hér á landi. Lýsing verkefnis Verkefnið er unnið af skrifstofu jafnréttis og mannréttindamála í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, í samráði við aðrar skrifstofur ráðuneytisins, önnur ráðuneyti, verkefnastjórn um landsáætlun um innleiðingu SRFF og hagsmunaaðila. Í júní 2019 samþykkti Alþingi þingsályktun um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sbr. þingsályktun nr. 33/149. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar frá nóvember 2021 kemur fram að lögfesta skuli samninginn á kjörtímabilinu. Í mars 2024 samþykkti Alþingi framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024 til 2027, sbr. þingsályktun nr. 9/154. Í áætluninni má finna aðgerð um lögfestingu SRFF, sbr. aðgerð F.1. SRFF kveður á um að til staðar þurfi að vera sjálfstæð mannréttindastofnun sem hefur eftirlit með samningnum, sbr. 2. mgr. 33. gr. samningsins. Hefur tilvist slíkrar stofnunar því verið talin forsenda þess að hægt sé að lögfesta SRFF. Í ljósi þess að lög um Mannréttindastofnun Íslands nr. 88/2024 voru samþykkt á Alþingi í júní 2024 er áformað að lögfesta samninginn í heild sinni. Lögfesting samningsins hefur í för með sér að hægt verði að beita samningnum sem fullgildri réttarheimild hér á landi. Samhliða lögfestingu kemur til skoðunar að gera breytingar á öðrum lögum til að tryggja betur samræmi við samninginn.	
Verkefnishópur Hlutverk í verkefni	Nafn
Verkefniseigandi	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Verkefnisstjóri:	Steinunn Valdís Óskarsdóttir
Þátttakendur:	Elísabet Gísladóttir og aðrir sérfræðingar félags- og vinnumarkaðsráðuneytis auk sérfræðinga annarra ráðuneyta. Verkefnastjórn um landsáætlun um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Samband íslenskra sveitarfélaga.
<p>Tímaáætlun</p> <p>Fasi 1 - Áform og samráð, 25. september – 7. október 2024</p> <p>Fyrsta skrefið í vinnunni er að kynna áform um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Áformin verða kynnt í samráðsgátt stjórnvalda. Áformin verða einnig rædd á fundi verkefnastjórnar um landsáætlun um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þar sem eiga sæti fulltrúar Geðhjálpar, Landssamtakanna Þroskahjálpar, ÖBÍ réttindasamtaka, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðuneyta.</p> <p>Samráð verður haft við önnur ráðuneyti og hagsmunaaðila um það hvort og þá hvaða breytingar þurfi að gera á öðrum lögum samhliða lögfestingunni, til að tryggja samræmi.</p> <p>Fasi 2 – Drög að frumvarpi, október 2024</p> <p>Unnið verður úr umsögnum frá samráðsgátt og athugasemdir úr öðru samráði á skrifstofu jafnréttis og mannréttindamála. Unnin verða drög að frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem verða birt á samráðsgátt stjórnvalda um miðjan október 2024. Einnig verða drögin kynnt fyrir hagsmunaaðilum, þar á meðal á vettvangi verkefnastjórnar um gerð landsáætlunar um innleiðingu SRFF.</p> <p>Fasi 3 – Frumvarp lagt fram á Alþingi, nóvember 2024</p> <p>Frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verður lagt fram á Alþingi í nóvember 2024.</p>	